

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815Þorlákshöfn

Reykjavík 20. janúar 2020  
UST202001-322/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir Vötn Lóð í Sveitarfélaginu Ölfusi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 16. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Vötn Lóð í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skipuleggja byggingareit fyrir íbúðarhús, sumarhús, hús til landbúnaðarnota og aðkomu.

#### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að svæðið er að mestu leyti uppgróið hraun eða hraunkantur og að neðan undir er uppgróinn melur.

Umhverfisstofnun telur að hraunið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu hraunsins á kortasjá Náttúrufræðistofunnar Íslands [www.serstokvernd.is](http://www.serstokvernd.is).

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun telur að ef tillagan gerir ráð fyrir að uppbygging fari fram á þegar röskuðu landi og núverndi aðkoma verður nýtt þá muni tillagan hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.


Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur